

**Ed.**

## **72. Nefndarátt**

um frv. til laga um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

Í frv. þessu, sem samið er af millipinganefnd í kirkjumálum, eru ýmisleg nánari ákvæði um rétt manna og skyldur gagnvart kirkjugarði, svo og um meðferð kirkjugarða og hirðing, heldur en nú eru í lögum.

Helstu breytingarnar eru :

1. Á sveitar- og bæjarfélög eru lagðar þær skyldur að leggja til ókeypis hæfilegt kirkjugarðsstæði og innlent efni í girðingar um garðinn, þar sem slíkar kvaðir liggja ekki áður á einstökum jörðum eða lóðum. Ennfremur eiga sveitarfélögin að leggja akfæran veg frá kirkju að garði og leggja til vatn til vökvunar blóma.
2. Kostnaður við kirkjugarðsgerð á að jafnast niður á sóknarmenn á sama hátt og útsvör, í stað þess að nú á að jafna honum sem persónugjaldi á hvern gjaldskyldan safnaðarmann.
3. Gert er ráð fyrir, að viðurkenndur utanþjóðkirkjusöfnuður megi taka upp sérstakan grafreit, ef hann óskar, og að safnaðarmenn hans séu þá lausir við gjöld til kirkjugarðs sóknarinnar.

Telur nefndin rétt, að slíkir söfnuðir eigi þá einnig kost á sömu friðindum frá sveitar- eða bæjarstjórn og ætluð eru öðrum, og flytur till. um það.

Nefndin telur, að frv. sé til allverulegra bóta, ef að lögum yrði, og leggur því til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

### **BREYTINGU.**

Við 38. gr.

Aftan við fyrri málsgrein greinarinnar bætist ný setning, svo hljóðandi:

Nýtur þá söfnuðurinn sömu réttinda og þjóðkirkjusöfnuði eru veitt eftir 3. gr. 1.—4. tölul.

Alþingi, 28. febrúar 1931.

Jón Jónsson,  
form., frsm.

Erlingur Friðjónsson,  
fundaskrifari.

Guðrún Lárusdóttir.